

Hestamannafélagið Sprettur

Stjórnarfundur, þriðjudaginn 1. apríl 2014 á Kjóavöllum.

3. fundur

Fundur hófst kl. 18:05

Mættir: Linda Gunnlaugsdóttir, Hannes Hjartarson, Hermann Vilmundarson, Brynja Viðarsdóttir, Kristín Njálsdóttir, Sigurður Halldórsson og Lárus Finnbogason. Einnig sat fundinn Sigurlaug Anna Jóhannsdóttir framkv.stjóri félagsins.

1. Farið yfir verkefnalistann og hann uppfærður.
2. Fjármálin: Lárus gerði grein fyrir stöðu mála, búið er að ganga frá breytingum á prókúru gjaldkera. Þá er búið að ganga frá drögum að samningi við Deloitte vegna færslu bókhalds.
3. Tryggingamál: Borist hafa tilboð frá tryggingarfélögum og var gjaldkera falið að vinna málið áfram og ganga frá því til stjórnar.
4. Skipulagsmálin: Linda og Hermann gerðu grein fyrir fundi sem þau áttu með forsvarsmönnum Kópavogsbæjar vegna tillagna um breytingu á deiliskipulagi. Linda og Hermann munu áfram vera tengiliðir stjórnar við bæjaryfirvöld vegna skipulagsmála á svæðinu.
5. Framkvæmdanefndin: Samþykkt að Linda og Hermann komi inn í framkvæmdanefndina til viðbótar, þar sem fyrir sitja Sveinbjörn Sveinbjörnsson og Þorvaldur Sigurðsson.
6. Stjórnir rekstar- og fasteignafélaga – skipt um stjórnir: Samþykkt að þegar aðalfundir félaganna verða haldnir þá verði mönnun stjórnna þeirra breytt og ákveðið að Linda, Hermann og Lárus taki við setu í stjórnunum f.h. stjórnar Sprettis.
7. Reiðhöllin - staða á verkefnum
 - a. Hljóðkerfi hefur ekki enn verið sett upp og lýstu stjórnarmenn áhyggjum sínum af gangi mála. Óskað verði eftir skýringum frá verktaka hvað veldur og pressað á að þetta verði klárað sem allra fyrst.
 - b. Snertilyklakerfið hefur ekki enn verið sett upp – ítrekað að það verði klárað sem allra fyrst.
 - c. Frágangur í eldhúsi – samþykkt að taka tilboði vegna kaupa á því sem vantar til að klára frágang í eldhúsi. Linda fær umboð stjórnar til þess að ganga endanlega frá þessu máli í samstarfi við kvennadeild félagsins.
8. Almenn mönnun nefnda: Komið hefur í ljós að það vantar fólk í einstaka nefndir, mikilvægt er að taka stöðuna á því og hvetja fleira fólk til starfa þannig að allar nefndir verði fullmannaðar.

9. Reiðskólamálin. Borist hafa umsóknir frá aðilum sem vilja reka reiðskóla á svæðinu í samstarfi við Sprett. Ákv. að bjóða viðkomandi aðilum að ganga til samninga. Drög að samningi liggja fyrir frá stjórn Sprettis.
10. Fundur formanna: Linda gerði stjórnarmönnum grein fyrir fundi formanna hestamannafélaga.
11. Reiðgerðin og hringgerðin: Gerðin á svæðinu eru í slæmu ásigkomulagi – samþykkt að koma gerðunum í viðunandi og nothæft form sem fyrst. Þetta gert í samráði við viðkomandi nefndir, umhverfisnefnd og reiðveganefnd.
12. Reiðveganefndin – lagðar fram upplýsingar úr fundargerð nefndarinnar.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 19:40

Fundargerð ritaði Kristín Njálisdóttir.